

**Sp. 253. Tillaga til þingsályktunar [126. mál]**

um endurskoðun skólalöggjafarinnar.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson, Björn Fr. Björnsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna nefnd til þess að annast — í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld og kennarasamtökin — endurskoðun á allri skólalöggjöf landsins, nema löggjöf um Háskóla Íslands.

Endurskoðunin miðist fyrst og fremst við, að samhæft verði hið opinbera fræðslustarf í almennum skólum og sérskólum aðkallandi þörfum þjóðlífsins á

hverjum tíma og allir fá sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu.

Leita skal nefndin aðstoðar sérfræðinga eftir þörfum við endurskoðunina.

Nefndin kys sér sjálf formann.

Áliti og tillögum skili nefndin til Alþingis, svo fljótt sem hún fær við komið. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

### Greinargerð.

Flutningsmenn telja, að aðkallandi sé að endurskoða rækilega allt fræðslu-kerfi landsins, bæði í heild og einstaka þætti.

Markmið heildarendurskoðunar skólalöggjafarinnar á að vera það, að fullnægt verði þörfum einstaklinga og þjóðfélagsheildar fyrir almenna menntun og sérfræðikunnáttu í þjóðfélagi nútímans og tryggja sem framast má verða jafnréttisaðstöðu í skólamállum, þannig að allir fá sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu.

Þróunin er mjög ör á sviði vísinda og tækni, og veldur hún miklum breytingum á atvinnuháttum. Þjóðir, sem fylgjast ekki með þessari þróun, dragast aftur úr öðrum óðar en varir. Við endurskoðun skólalöggjafarinnar þarf að taka tillit til þessa.

Endurskoðunin á því ekki að vera einungis miðuð við barnafræðslustigið, hún þarf að grípa inn á svið allrar framhaldsmenntunar, bæði gagnfræðaskóla og menntaskóla, þar sem ekki sé einvörðungu fjallað um fjölda skólanna og stærð, heldur og um námsefni og kennsluhætti. Þá telja flutningsmenn ekki sízt nauðsynlegt að kanna rækilega þörf þjóðfélagsins fyrir hina ýmsu sérskóla, svo sem í tækni, iðnfræðum og öðrum hagnýtum greinum, sem snerta atvinnuvegi landsins, og gera tillögur um skipan þeirra og stöðu innan fræðslukerfisins. Fræðslu-kerfið verður að miða við það, að þar gæti samræmis og samvirkni milli einstakra stiga þess og greina.

Menntakerfi þjóðarinnar er ein mikilvægasta stoð almennra framfara og bætts efnahags, og hefur svo í rauninni verið frá fyrstu tíð. En hinar öru breytingar á atvinnu- og þjóðfélagsháttum nútímans hafa stórum aukið kröfurnar um almenna menntun og sérfræðisþekkingu á mörgum sviðum. Þeim kröfum verður ekki fullnægt með öðru móti en uppbyggingu samvirks og viðtæks skólakerfis. Þar sem efnahagslegar framfarir hvíla í vaxandi mæli á þeirri stoð, sem menntakerfið er, þá er það nauðsyn hverri þjóð, sem stefnir að framförum, að treysta sem bezt þennan mikilvæga undirstöðubátt þjóðfélagsins. Því fé, sem varið er til uppbyggingar traustu menntakerfi, er áreiðanlega vel varið frá efnahagslegu sjónarmiði séð. Þar er um arðvænlega fjárfestingu að ræða. Menntunina ber þó alls ekki að skoða einvörðungu frá hagnýtu sjónarmiði í þrengstu merkingu. Menntun er framar öðru manngildisefning, þáttur í fegurra og frjórna mannlífi. Með tilliti til þess ber að varast allt ofmat á „hagnýtum“ námsgreinum og vísindum. Fræðslu-kerfi fram-tíðarinnar verður að hafa rúm fyrir fleiri námsgreinar en þær, sem líklegastar eru til þess að bera útreiknanlegan fjárhagsarð.

Gildandi lög um fræðslu-kerfi og skólaskyldu kveða að vísu á um skólaskyldu allra barna á aldrinum 7--15 ára. Frá því eru þó gerðar vissar undantekningar. Undanþáguákvæði laganna um framkvæmd skólaskyldu ber að líta á sem bráða-birgðaákvæði, sem nauðsynleg voru á sínum tíma og réttmætt að framkvæma um sinn. Nú eru fræðslu-kröfur vaxandi, en skilyrði til viðunandi heimakennslu mjög erfið. Hins vegar er nú orðinn mikill aðstöðumunur til skólagöngu eftir því, hvort í hlut á dreifbýli eða kaupstaðir, þannig að stórlega hallar á dreifbýlið, þ. e. sveitir og hinar smærri byggðir við sjávarsíðuna. Hafa flutningsmenn ekki sízt í huga þá staðreynd, að skólaskylda barna og unglunga í sveitum er enn í framkvæmd

verulegum mun skemmri og námsgreinar þar oft fábreyttari en í kaupstöðum og hinum stærri kaupúnum. Vilja flutningsmenn benda á, að jöfnun þessa aðstöðumunar sækist allt of hægt.

Þá vilja flutningsmenn sérstaklega benda á vaxandi erfiðleika unglunga í sveitum og þorpum til gagnfræðanáms og nauðsyn þess flestu öðru fremur að gera mjög verulegt átak í því skyni að ryðja þeim erfiðleikum úr vegi, einkum með því að fjölga héraðsskólum í landinu. Flutningsmenn telja rétt að láta endurskoða frá rótum þessa þætti fræðslukerfisins ásamt öðrum greinum þess á þann hátt, sem í tillögunni segir.

Tillaga þessi fjallar um viðtæka endurskoðun á öllu skólakerfi landsins að undanskildu háskólastiginu. Fyrir þessu þingi liggja nú þegar nokkur frumvörp og tillögur um einstaka þætti skólamála, m. a. frumvörp að lögum um nýja menntaskóla og tillaga til þingsályktunar um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar. Með tillögu þessari er ekki stefnt að því að bregða fæti fyrir framgang þeirra mála.